

Fundur stjórnar 23. maí 2022, Síðumúla 15 klukkan 16:30.

Mætt eru: Daníel Örn Hinriksson, formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir og Anna Guðjónsdóttir.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir boðaði forföll.

Fundinn sat Guðný Isaksen framkvæmdastjóri.

Dagskrá

Reglur um svæðafélög

Reglur um svæðafélög hafa verið unnar af stjórn og fengið umsögn laganefndar félagsins. Reglurnar eru því lagðar fram til samþykktar á fundinum og voru þær samþykktar, því næst fara þær til kynningar svæðafélagi Norðurlands.

Afgreiðsla vísindanefndar

Vísindanefnd hefur tekið til afgreiðslu erindi áframsent af stjórn er varðar beiðni eiganda hunds um afléttingu ræktunarbanns vegna gruns um PRA. Í umsögn Vísindanefndar kemur fram: *Vísindanefnd leggur því til að beiðni um afléttingu ræktunarbanns verði hafnað þar til og ef hundurinn reynist hreinn í augnskoðun að 8 mánuðum liðnum þar sem ekki er til DNA próf fyrir tegundina.* Stjórn HRFÍ sér ekki ástæðu til að fara gegn meðmælum Vísindanefndar og samþykkir því að afléttingu sé hafnað.

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands

Aðalfundur félagsins verður haldinn miðvikudaginn 25. maí næstkomandi. Stjórn fór yfir dagskrá og kynningar fyrir fundinn.

Erindi afgreidd milli funda

Undanþágubeiðnir

Þrjú erindi hafa borist frá félagsmönnum vegna óviðráðanlegrar frestunar á augnskoðun sem fara átti fram nú í júní. Um er að ræða undanþágubeiðnir frá kröfu um niðurstöður augnskoðunar fyrir pörun. Þá hefur þeim verið svarað á sama veg, að undanþága verði ekki veitt miðað við fyrirbyggjandi rökfærslur og bent er á reglur um skráningu í ættbók, 5.gr. um undaneldi.

Deildarsýningar

Að fenginni umögn sýningarstjórnar samþykkir stjórn HRFÍ deildarsýningu mjóhundadeildar í ágúst. Sýningarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn deildarinnar en vill þó, líkt og með aðrar deildir, setja hámark við 80 hunda. Vilji stjórn deildarinnar undanþága frá því hámarki verður að sækja um það og staðfesting þarf að fylgja frá dómara að hann samþykki að dæma fleiri en 80 hunda. Reglur FCI miða við 80 hunda í skriflegri umsögn.

Innflutningur á sæði

Stjórn samþykkti að senda bréf á Matvælaráðuneytið og óska eftir breytingu á reglugerð um innflutnings gæludýra og hundasæðis þannig að heimill verði innflutningur á fersku sæði.

Önnur mál

Fundi slitið